



elsku barn

sönn saga



Dennis Kelly
Elsku barn
Þýðing: Hafliði Amgrímsson

Borgarleikhúsið

2010/2011

Persónur og leikendur

Donna McAuliffe	Unnur Ösp Stefánsdóttir
Lynn Barrie, móðir hennar	Halldóra Geirharðsdóttir
Dr. Millard, sálfræðingur	Benedikt Erlingsson
Jim	Valur Freyr Einarsson
Martin McAuliffe, eiginmaður Donnu	Hallgrímur Ólafsson
Frú Millard / Blaðakona	Nína Dögg Filippusdóttir

Leikstjórn og myndband	Jón Páll Eyjólfsson
Leikmynd og búningar	Ilmur Stefánsdóttir
Lýsing	Þórður Orri Pétursson
Tónlist og hljóðmynd	Hallur Ingólfsson

Sýningarstjórn:

Christopher Astridge

Hljóð:

Ólafur Örn Thoroddsen

Búningagerð:

Stefanía Adolfsdóttir, forstöðumaður
Maggý Dögg Emilsdóttir
Elma Bjarney Guðmundsdóttir
Katrín Óskarsdóttir.

Hárgreiðsla og fördun:

Sigríður Rósa Bjarnadóttir, forstöðumaður
Elín Sigríður Gísladóttir
Sigurborg Íris Hólmeirsdóttir
María Erna Jóhannesdóttir
Eyrún Harpa Haraldsdóttir
Gunnhildur Erlingsdóttir

Leikmyndagerð:

Smíðaverkstæði Borgarleikhússins
Gunnlaugur Einarsson, forstöðumaður
Egill Hjaltalín
Haraldur Halldórsson
Ragnar Hólmarsson
Hörður Guðmundsson
Skúli Þorsteinsson.

Leikskrá:

Ritstjórn: Frank Hall og Hafliði Arngrímsson
Útgefandi: Leikfélag Reykjavíkur
Leikhússtjóri: Magnús Geir Þórðarson
Ljósmyndun: Grímur Bjarnason
Útlit: Fíton
Umbrot: Jorri
Prentun: Prentmet

Leikmunir:

Kristján Björn Þórðarson, forstöðumaður
Þorleikur Karlsson
Aðalheiður Jóhannesdóttir
Sara Torcato

Hljóðdeild:

Jakob Tryggvason, forstöðumaður
Ólafur Örn Thoroddsen
Baldvin Magnússon
Thorbjörn Knudsen

Ljósadeild:

Þórður Orri Pétursson, forstöðumaður
Björn Bergsteinn Guðmundsson, yfirljósahönnuður
Magnús Helgi Kristjánsson
Kjartan Þórisson

Leiksvið:

Kristinn Karlsson forstöðumaður
Einar Rúnarsson
Friðþjófur Sigurðsson
Steingrímur Guðjónsson
Richard H. Sævarsson
Þorbjörn Þorgeirsson
Bergur Ólafsson

Þakkir:

Epal
Jorri

Elsku barn er 550. viðfangsefni Leikfélags Reykjavíkur

Titill á frummáli: Taking Care of Baby
Sýningarréttur: Colombine Teaterförlag AB, Stockholm
Frumnýning 13. janúar 2011 á Nýja sviði Borgarleikhússins
Sýningartími er u.þ.b. tvær klukkustundir og tuttugu mínútur.
Eitt hlé er á sýningunni.
Ljósmyndir eru teknar á æfingum og eru því ekki endanleg heimild um sýninguna.





Dennis Kelly

Dennis Kelly fæddist í London árið 1970. Hann stundaði nám í leiklistarfræðum við Goldsmithskólann þar í borg.

En frami hans er alls ekki bein lína:

„Ég vildi að ég gæti hrist fram úr erminni áhrifaríka sögu um það hvernig leið mín lá inn í leikhúsið en ég held að leikhúsið hafi einfaldlega komið til mín og það með fullkomlega hversdagslegum hætti og ekkert stórbrotið við það.“



Kelly hætti skólagöngu sextán ára að aldri og vann ýmiss konar störf næstu tólf árin allt frá því að vera afgreiðslumaður á kassa í stórmarkaði til þess að vera lagerstjóri. „Þetta breyttist þegar vinur minn fór með mig í leiklistarklúbb ungs fólks. Þá kynntist ég sígildri leiklist og nýrri. Ég hafði gríðarlega gaman af að leika líka þótt við værum ólýsanlega lélegir leikarar. Þarna kynntist ég leikskáldum eins og Pinter. Reyndar skildi ég ekki leikritin hans í raun og veru, en mér þótti þau góð. Líf mitt og hegðun breyttist algerlega eftir að ég kynntist leikhúsinu.“ Kelly var virkur áhugaleikari til 26 ára aldurs. Þá fyrst hóf hann að skrifa. Fyrsta leikrit hans setti hann upp ásamt vinum sínum í litlu leikhúsi í bakgarði. Það gekk vel en Kelly var ekki sáttur og vildi verða betri og fór í háskóla. „Að sjálfsögðu breytist lífssýn manns með aukinni menntun og þá fyrst byrjaði ég að skrifa af alvöru.“ Fyrsta „alvöru“ leikritið, Schutt, skifaði hann 32 ára. Það er jafnframt fyrsta leikrit hans sem sviðsett er af atvinnufólki. Það var frumsýnt í Latchmere-leikhúsinu í London árið 2003 og reyndar nokkrum mánuðum síðar í Burgtheater í Víenborg. Næsta leikrit, Osama the Hero, kemur árið 2005 og er frumsýnt í Hampstead-leikhúsinu. Verkið fjallar um ungan skóladreng sem skrifar ritgerð um ranga hetju, Osama bin Laden, og réttlætir gjörðir hans. Skelfingu lostnir og dauðhræddir nágrannar hans ofsækja hann og pynta. Í þessu leikriti byrjar Kelly að fjalla um rafmagnað andrúmsloft sem heltók Bretland í kjölfar stríðsins í Írak. Sama ár kom After the End út sem Paines Plough-leikhúsið frumflutti þar sem Kelly fjallar um samfélagslegar breytingar á tímum hryðjuverka. Aðalsöguhetjurnar bjarga lífi sínu í neðanjarðarbyrgi eftir kjarnorkuárás. Í tóminu verður hjálpin að forræðishyggju, samtölin verða innrætandi, ástin verður eignarhald og forsjálin verður heimska. Árið 2006 er Love and Money frumsýnt í Royal Exchange-leikhúsinu og einnig í Basel og Hamborg. Í leikritinu rofnar samband hjóna þar sem togast á tilfinningar og efnahagur, neyslu- og ástsýki. Taking Care of Baby er frumsýnt árið 2007 í Birmingham Repertory-leikhúsinu og árið 2008 var Orphans (Munaðarlaus) frumsýnt í Traverse-leikhúsinu í Edinborg. Leikhópurinn Munaðarleysingjar frumsýndu verkið í Norræna húsinu snemma árs 2010. Verkið fjallar um tryggð við þá sem standa okkur næst, við fjölskylduna og hvaða augum við lítum réttlætið. The Gods Weep var frumsýnt í mars 2010 í Hampstead-leikhúsinu í London. Þar stendur viðskiptafrömuður sem náð hefur langt í valdabaráttu þar sem siðspilling og annað er fylgir valdagræðgi kemur upp á yfirborðið. Sögusviðið er heimur þar sem græðgi og þjóðaröryggi skarast með óvæntum hætti. Í nóvember 2010 frumsýndi Royal Shakespeare Company söngleikinn Matthildi sem Kelly byggir á samnefndri sögu Roalds Dahl um litla stúlku með ríkt ímyndunarafl sem skólustjóri og foreldrar fara ansi illa með en með styrk sínum og hugrekki tekst henni að vinna sér sess í veröldinni.







Dennis er lygari

Samtal við Dennis Kelly

Í leikritum þínum virðist þú ekki óttast stóru málin. Í leikritinu *Ástir og peningar (Love and Money)* fjallarðu um erfiðleika trúarinnar í neylusjúkum heimi. Í *Elsku barn (Taking care of Baby)* lýsir þú í viðtölum og leikatriðum máli meints barnamorðingja Donnu McAuliffe og stjórnáamanninum, móður hennar, og viðfangsefnið er hvernig við meðhöndlum sannleikann og erfiðleikana því samfara. Þú heillast af spurningunum stóru? Og hvernig leitarðu svara?

Dennis Kelly: Mark Ravenhill, leikskáld, bað mig um að vinna með sér að sýningu sem bar titilinn *Lér*. Útgangspunkturinn var að vinna að tilraunum. Framlag mitt kallaði ég: Dennis er lygari, og snerist um að ég lýg. Sýningin byggðist að sumu leyti á gamansömum endurtekningum, það var eitthvað reglubundið við hana. Sýningin snerist um sjálfan mig og hún byrjaði alltaf á því að ég sagði: „Ég heiti Dennis, og það er ekkert grín að ég er alkóhólisti.“ Áhorfendur fóru að hlæja. „Nei, satt að segja var ég alkóhólisti“, og ég fór að segja frá þessari sýki minni. Svo sagði ég: „Andskotinn, ég vil vera heiðarlegur, ég laug að ykkur, ég er enginn alkóhólisti...“ Og svo hélt ég áfram að segja frá og skömmu síðar sagði ég: „Satt að segja er ég alkóhólisti. Ég fullyrti ýmsa hluti um mig og það var skelfilegt; en það sem mér varð smám saman ljóst var að í samfélaginu hafði sannleikurinn misst mikilvægi sitt. Ef maður getur sannað að eitthvað er satt með aðferðafræði stærðfræðinnar þá getur maður lagað sannleikann að aðstæðum og sett hann saman án þess að það skipti máli að hann er uppspuni. Ég nýtti mér gangverk endurtekningarinnar, rútínunnar. Það eru til sögur, sem verða raunverulegar og að ekki skiptir máli þótt það sé augljóst að þær geti ekki verið sannar, heldur skiptir það einungis máli að þær eru algerlega pottþéttar og virðast því sannar. Þetta var upphafið að því að ég fór að velta sannleikanum fyrir mér.

Hvers vegna ákvaðstu að nýta þér heimildaformið í *Elsku barn* en ekki skáldskaparformið?

Eitt er að tala um sannleikann og annað að verða fyrir fölsuðum sannleika. Mér þótti hið síðarnefnda áhugaverðara. Þess vegna fékk ég þá hugmynd að falska heimildaleikrit vegna þess að það er samasesmerki á milli heimilda og sannleika. Fyrst datt mér í hug að skrifa eitthvað um sprengjutilræðin í London en þegar ég byrjaði að rannsaka það varð mér ljóst að ég hafði í raun og veru alltaf verið að skrifa um svona „heit“ mál og ég hafði ekki lengur áhuga á því.

Var þá barnamorðspemað fremur eins og tilviljun?

Til að byrja með verður maður að hafa nokkur atriði í huga. Það voru þessu mál í Englandi: Sally Clark, Angela Cannings og Trupti Patel; -mæður sem voru ákærðar fyrir að hafa drepið börnin sín og vegna vitnisburðar læknisins Sir Roy Meadow voru þær allar dæmdar í fangelsi. Þessi læknir hafði sett fram kenninguna að „barnsdaudi væri alltaf harmleikur innan fjölskyldu, af hverjum þremur eru tvö grunsamleg og eitt er morð, ef ekki er hægt að sanna annað“. Þessi mál voru þekkt í Englandi, en samt ekki svo mjög að fólk gæti munað nákvæmlega eftir þeim og myndu nöfn helstu persóna. Mig langaði að nýta mér áhrifin af því að láta áhorfendur halda að verkið væri unnið samkvæmt heimildum og áttaði sig ekki á því að ég væri að búa heimildirnar til. Svo bætist það við að heimildaleikritun á sér mikla hefð í Englandi. Frumsýningin á *Elsku barni* var á leiklistarhátíð þar sem afar mörg heimildaleikrit voru á dagskrá. Áhorfendur voru því undir það búnir að sjá heimildaleikrit sem byggði á raunverulegum viðtölum. Það sem skipti höfuð máli fyrir mig, - að fara að vinna eins konar heimildavinnu, var að mig langaði til að ljúga að áhorfendum með því að skrifa um sannleikann. Heimildaformið hentaði mér best til að láta áhorfendur halda að allt væri satt. Það er ekki fyrr en um miðbik verksins sem áhorfendur eiga að byrja að efast og uppgötvu að þetta er ekki sönn saga. Þannig ætlaði ég að koma með þetta söguefni inn í áhorfendasalinn, að láta áhorfendur taka þátt í tilrauninni.

Hvernig fórstu að því að semja eða búa sannleikann til? Akvaðst þú uppbygginguna eða léstu tilfinningarnar ráða?

Fyrst og fremst lét ég tilfinningar ráða, alla vega spila þær vel með uppbyggingunni og forminu. Reyndar er uppbygging leikverks ekki helsta áhugamál mitt en ég get auðveldlega fengist við hana. Ég hef nokkurs konar tilfinningalegan skilning á strúktúr, það er að segja hvað passar saman og hvað ekki. Eftir að hafa skrifað textann einu sinni er hægt að virða hann fyrir sér og þæla í honum, - þetta passar ekki hérna, þetta verður að koma fyrr og þetta seinna. Ég fer sem sagt að færa ýmislegt fram og aftur og breyta strúktúrnum. Ég hugsa ekki um þetta fyrirfram, það bara gerist. Þegar ég skrifaði Elsku barn þá gekk ég eiginlega beint til verks ef svo má segja. Þegar svona heimildaleikrit er skrifað verður maður að taka viðtöl við fólk og setja inn í leikritið. Þannig að þau virðist vera eins og frumheimildir eða raunveruleg viðtöl. Og ég gerði þetta einmitt þannig. Ég tók viðtöl við persónurnar: Ég tók viðtal við móður Donnu, ég tók viðtal við Donnu og auðvitað Martin. En Martin talaði ekki við mig sem þýddi að ég varð að sníða spurningar mínar til hans að þeim aðstæðum. Síðan tengdi ég samtölin saman og byggði Elsku barn þannig upp eins og um heimildaleikrit væri að ræða.

Við svona vinnuaðferð hefurðu þurft að velja og hafna, - og breyta. Ekki satt?

Fyrsta uppkast leikritsins var afar vitsmunalegt. Til dæmis var leikritið á ákveðnum stað í síðasta þættinum farið að endurskoða sjálf sig, persónan talaði að ákveðnum punkti, hætti og byrjaði aftur frá upphafi og komst að annarri niðurstöðu. Á vissan hátt var þetta gott en mér þótti það of þurrt og akademískt.

Og of fyrirsjáanlegt?

Já, einnig of fyrirsjáanlegt og fyrst og fremst ekki nógu tilfinningaríkt Það var mikilvægt fyrir mig að þetta yrði leikrit um Donnu, um Lynn en ekki um formgerðina.

Hvað með hina heimspekilegu hlið þessa efnis um sannleikann? Söktirðu þér einhvern tíma á ferlinu í heimspekিপaelingar?

Ég fór alls ekki í svo umfangsmiklar rannsóknir. Í upphafi reyndi ég að finna eitthvað um konurnar áður nefndu sem gæti einnig átt við Donnu. En ég hætti að grafast fyrir um þær einkum af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi fannst mér það síðferðilega rangt að sviðsetja einhverja þessara kvenna, þótt ég breytti nöfnum. Í öðru lagi hefði rannsóknin á þeim haft áhrif á persónusköpunina í leikritinu og mér fannst ekki gott að hugsa til þess. Ég hafði það á tilfinningunni að ef ég ætlaði að ljúga þá ætti ég að ljúga hundrað prósent og skálda allt svo leikritið yrði alger skáldskapur. Leeman-Keatley tilraunirnar hafa til dæmis aldrei átt sér stað.

Með tilliti til trúar okkar nútímafólks á vísindi þá er það sennilega ekki tilviljun að lesandi eða áhorfandi haldi að Leeman-Keatley syndrómið sé trúverðugt. Það er að segja kenning Dr Millards um hvers vegna mæður drepa börnin sín. Hvers vegna höfum við svo sterka tilhneingingu til að trúa á svona syndrómi þrátt fyrir að við verðum vitni að því, svo að segja daglega, að vísindunum skjáttlast?

Fyrst tek ég fram að mig langar að hver einasta persóna verksins verði trúverðug, auðvitað Dr Millard einnig. Hann færir nokkuð vel rök fyrir sínu máli. Að hans áliti ætti að meðhöndla barnamorðingja sem sjúklunga. Að hluta til fúlga ég við þessari kenningu. Mér finnst ekki vera hægt að fullyrða að sá sem hefur ákveðið að myrða aðra manneskju sé veikur; það er ekki hægt að skilgreina allt óskiljanlegt og hræðilegt sem sjúkdóm. Það er reyndar hættulegt að flokka allt sem sálfræðilega fellur ekki inn í „normið“ sem sjúkdóm, svo það hræði okkur ekki. Að mínu áliti heldur Dr Millard í einhverja von eða löngun, sem er að finna í okkur öllum, að trúa á Leeman-Keatley syndrómið til að fjarlægja barnamorðið að einhverju leyti frá hryllingnum. Þegar við veltum fyrir okkur þessari persónu á æfingum fannst okkur Dr Millard vera frjálslýndur, kannski sú manngerð sem er verndandi, en jafnframt nokkuð kúl, alla vega þínulítið, en ekki neinn hefðbundinn sálfræðingur. Við vildum ekki að hann væri það sem við köllum „rúðustrikaður“, hann átti að vera mannlegur með manneskjulegar tilfinningar og kannski þess vegna þurfti hann einmitt á hjálpartækjum að halda, það er að segja sjúkdómum til að geta skilið heiminn.

Þú álitur sem sagt að hryllingur á borð við morð sé polanlegra ef við höldum að það sé sjúkdómur eða heilkenni?

Sjúkdómur er samsettur af margvíslegum heilkennum en samt getum við ekki útskýrt þau og getum ekki bara sagt að bilað gen sé orsakavaldur að einhverjum hryllingi. Ef við kunnum engin svör tölum við gjarnan um sjúkdóma og heilkenni.

Hugsanlega verður þessi hugsunarháttur til af samfélagslegum völdum. En þetta er viðkvæmt og erfitt þema vegna þess að við viljum ekki hverfa aftur inn í fortíðina þegar sagt var við fólk: „Þú ert ekki þunglynd/ur, taktu þig saman í andlitinu!“ Ef maður er í raun og veru þunglyndur þá getur maður ekki bara tekið sig saman í andlitinu heldur þarfnast maður læknisaðstoðar. Hið sama á við um alkóhólista og það er sagt við hann: „Hættu að drekka!“ Að sjálfsögðu er það engin hjálp, maður veit að maður ætti ekki að drekka en það er bara ekki hægt að stoppa. Í þessu máli þekkjum við ekki heldur sannleikann. Það er afar einfalt að segja að Dr Millard hafi einungis fundið upp Leeman-Keatley syndrómið til að líða aðeins betur og örva starfsframann. En ef hann hefði á réttu að standa, ef Leeman-Keatley syndrómið væri sannanlega til og hann hefði hreinlega uppgötvað það með yfirburða gáfum sínum, sem sagt að konur myrtu börnin sín í örvæntingu vegna ástandsins í heiminum, þá væri það ótrúlega óforskammað að þræta og mótmæla einungis vegna þess að við trúum ekki á kenninguna, því hún hefði ólýsanlega þýðingu fyrir konurnar.

Augljóslega eru tvær ólíkar persónugerðir í leikriti þínu: Önnur, eins og Donna og Martin, er fyrst og fremst drifin af tilfinningum - það hefur eitthvað hrikalegt hent þau og þau reyna að komast í gegnum það. Hinar persónurnar eins og Lynn Barrie og Dr Millard eiga sér ákveðin og ljós markmið, mótíf, sem er að sviðsetja sjálf sig og nýta sér atburðina í eigin þágu...

Donna og Martin eru þær persónur leikritsins sem ég ber mesta virðingu fyrir og ég held að fólk taki eftir því. Og varðandi sjálfan mig: Þegar ég tala um mig í sambandi við leikritið þá tala ég frá tveimur ólíkum sjónarhornum. Annars vegar er það EG í leikritinu og hins vegar EG sem skrifaði leikritið. Ég ráðskast með sumar persónurnar, - að sjálfsögðu er það ég sem ræð hvaða þætti ég drag fram í heimildaleikritinu mínu. Það eru nokkur smáræði sem ég hef notað til að skýra álit mitt á Donnu og þegar ég var að ráðskast þetta varð mér ljóst að ég trúði að vissu leyti meira á Donnu en nokkra aðra persónu leikritsins. Hún veit hvað gerðist og ég veit að þótt ég trúi henni þá er ekki þar með sagt að ég viti hvort hún drap börnin sín. Satt að segja hef ég ekki hugmynd um það. En mér finnst mig langi að trú henni og ég vona að hún sé saklaus, að hluta til trúi ég á sakleysi hennar. Martin er eina persónan í leikritinu sem krefst einskis af mér. Martin og Donna hafa ekki áhuga á hvað ég hugsa, andstætt Lynn sem hefur mikinn áhuga á skoðunum mínum. Áhugi læknisins eykst einnig þegar líða tekur á leikritið og fóðrar mig á margvíslegri röksemdafærslu.

Þetta hljómar eins og persónurnar hafi losað sig undan áhrifum þínum, höfundu þeirra, og óðlast eigið sjálfstætt líf...

Fyrir nokkru átti ég fund með fólki í kvikmyndafyrirtæki. Þau voru að segja mér frá ætlunarverki sínu að kvikmynda líf Sally Clark sem lést einum mánuði áður en Elsku barn var frumflutt. Þau sögðu mér frá því að þau væru að reyna að gera kvikmynd um hana en eiginmaður hennar væri mjög á móti því og hvort þau gætu ekki þess í stað kvikmyndað Elsku barn. Og ég hugsaði: Djöfulsins kvikindi, þessi kona er látin, hún var fangelsuð saklaus, fangelsuð fyrir að drepa bæði börnin sín og hún drakk sig til dauða, - hvers átti þessi kona að gjalda! Og nú vill þetta fólk kvikmynda sögu hennar án hennar samþykis.

Það er sem sagt heiðvirdara að ljúga?

Þegar Donna sagði sögu sína og þar vitni hefði hún átt ýmsa möguleika. Hún hefði getað valið skáldsagnahöfund, kvikmyndagerðarmann hvort um hefði verið að ræða heimildamynd eða kvikmynd. En hún valdi þennan leikritahöfund, sem er ekki einu sinni sérstaklega fær þar sem hann misskilur Donnu í sífellu og hún þarf að spyrja hann hvað eftir annað: „Er þetta í lagi, er það þetta sem þú vilt?“ Og hann svarar bara: „Já, þetta er gott svona.“ En svo eru aðrar stundir þar sem hún hvetur hann til að spyrja ákveðinna spurninga. Henni er mikilvægt að segja sögu sína, ekki allri veröldinni heldur bara einhverjum. Hana langar að losa sig við þessa sögu og þess vegna treystir maður henni. Hún er miklu nær sannleikanum en nokkur annar. Hún reynir ekki að heilla neinn eða hafa áhrif á nokkurn og sama er að segja um Martin.

Hvað heldurðu um Jim? Hann er á milli þessara persónuhópa, ekki algerlega á tilfinningalegum grunni, en satt að segja hvorki skynsamur né rökfastur ansi sjálfhverfur...

Í mínum augum er Jim fyndin persóna. Ég ímynda mér að Lynn hafi verið lagleg kona þegar hún var upp á sitt besta og Jim hefur laðast að henni og ef maður er alveg heiðarlegur þá líkar honum ansi vel við hana. En það hefur aldrei gerst neitt á milli þeirra og þau hafa aldrei verið meira en vinir. Að sumu leyti hefur hún þau áhrif á hann að hann getur ekki hugsað neitt slæmt um hana og sér alls ekki hinar dökku hliðar hennar. Á æfingatímanum í London áleit leikkonan sem lék Lynn Barrie - hún var reyndar mjög góð en við áttum í nokkrum byrjunareriðleikum - Lynn vera ófreskju. Ég var eiginlega miður mín þess vegna. Mér finnst Lynn á engan hátt líkjast ófreskju og ég trúði henni í fyrstu þegar hún sagði söguna af konunum í lestinni. Mér fannst að það hefði runnið upp fyrir henni ljós, að hún hefði orðið fyrir einhvers konar uppljómun sem hefði gefið henni



kraft til að takast það sem hún ætlaði sér. Þegar hún hóf kosningabaráttuna sagði hún að það væri ekki ætluð sítta eða áætlun að komast aftur til valda heldur fannst henni hún vera að gera hið rétta. En í þessu „ferðalagi“ sínu tælist umhverfið hana og freistar sem einmitt hafði hafnað henni og brugðist. Heimurinn var í hennar augum eitt forarsvað. Afneitun hennar gerði hana sterka og styrkleiki hennar óx þar sem hún hafði sannleikann sín megin, það heillaði fólk og það laðaðist að henni. Mér finnst heimurinn hafa einstaka hæfileika til að láta þannig hluti koma í ljós. Það koma stundir í lífinu þegar manni finnst efniskenndi heimurinn fullkomlega einiskis virði og það gefur manni ótrúlega mikinn kraft og mikið frelsi og með þennan styrk og þetta frelsi verður maður afskaplega aðlaðandi í augum efniskennda heimsins og hann byrjar að hafa áhuga á þér og þá fer maður að taka eftir honum og byrjar að laðast að honum og líka vel við hann. Þess vegna vorkenni ég Lynn, ég held hún hafi réttan útgangspunkt og byrjar baráttuna af sannfæringu. Í lok verksins þegar hún segist hafa komið því til leiðar að verslunarmiðstöðin var flutt til um 325 metra hlýtur hún að vera hryllilega vonsvikin vegna þess að hún er einfaldlega aftur orðin stjórnmalamaður og gengin aftur í flokkinn. Ég held að þetta hafi ekki verið ætluð hennar í upphafi. Þetta fór bara svona.

Þetta snýst þá um það sem heimurinn gerði úr henni?

Mér sýnist það vera hvoru tveggja. Maður getur sjálfur logið sig áfram í velgenginni rétt eins og aðrir. Ég held að Lynn segi sannleikann en heimurinn hafi afvegaleitt hana og ég held maður þekki fólk af gjörðum þess en ekki af því sem þeir segja. Gjörðirnar tala sínu skýra máli.

Hvernig var að komast inn í leikritið sem persóna, sem höfundur?

Með vilja lét ég þessa persónu ekki bera nafn heldur feittraði spurningar höfundarins í handriti. Þetta er heldur ekki hlutverk eins og hinar persónurnar. Það er hægt að horfa á þetta hlutverk frá ýmsum sjónarhornum. Upphaflega var þetta einfaldlega rödd úr hljóðkerfi sem var fyrirfram tekin upp. Þannig hafði ég upphaflega hugsað mér það. Ég held að spurningarnar séu spurningar höfundarins á meðan hann skrifar verkið. Mér virðist hann ekki vera góður sálfræðingur hann veit of lítið og auk þess er hann ekki sérlega góður í mannlegum samskiptum, hann gerir mistök og er satt að segja klaufalegur. Í upphafi verksins kynnir Dr Millard hina miklu kenningu sína og á fyrsta fundi sínum með höfundinum reynir hann, ekki beinlínis að hafa áhrif á hann, en vill samt gera honum algerlega ljóst hvernig vindurinn blæs. En þetta fer úrskeiðis, höfundurinn er beinskeyttur gagnvart Dr Millard og honum þykir það óþægilegt og finnst honum vera stillt upp við vegg. Það liggur beint við að ímynda sér að höfundurinn sé ég sjálfur, en þannig er það ekki, það eru engin tengsl við mína persónu. Ég get stundum verið nokkuð klaufalegur, en alls ekki í þessu máli. Það er af og frá. Samt sem áður er mikilvægt að velja þessu fyrir sér vegna þess að þegar leikritið var sýnt héldu áhorfendur að þetta væri heimildaleikrit og þess vegna höfðu þeir enga ástæðu að efast um sannleiksgildi þess að þetta væri viðtal mitt við þau.

Þetta er sem sagt eiginlega herbragð þitt að láta nafn höfundarins vera Dennis Kelly og að Martin skuli nota nafn þitt í ávarpsorðum bréfa sinna?

Ég ætlaði ekki að rugla áhorfendur í rýminu, heldur að styrkja þessa sögu og að þetta væri heimildaleikrit. Því lýkur eiginlega þegar höfundurinn hættir að skoða og segist hafa áhyggjur af Donnu. Í næsta atriði spyr hann móður Donnu hvort hún hafi áhyggjur sem ætti að vera líklegt að hún hafi. Að einhver utanaðkomandi skuli hafa áhyggjur af henni kemur henni næstum til að gráta. Hún er alein í heiminum og er sífellt í varnarstöðu, þannig að einhver fyrir utan skuli hafa áhyggjur af henni kemur henni virkilega á óvart. Höfundurinn leikur sem sagt sjálfur persónu í verkinu og er mikilvægur í „ferðalagi“ Donnu þótt hann hagi/leiki sér bysna klaufalega. Hann er sá sem segir okkur söguna en er jafnframt persóna í leikritinu; kannski lýgur hann.

Þú talar um „ferðalag“ persónanna og hvernig þær breytast eftir því sem líður á leikritið. Mér virðast þessar breytingar eiga sér stað ekki aðeins innra með persónunum heldur eru þær nátengdar breyttri skynjun áhorfenda á sannleikanum...

Í lok leikrísins verður breyting „ferðalag“ allra persóna breytist: Lynn hefur breyst afar mikið, Martin virðist einnig hafa tekið breytingum, en ég er ekki alveg viss, að hve miklu leyti höfundurinn tekur breytingum, er hann öðru vísi en í upphafi verksins?

Í upphafi er hann mjög vingjarnlegur og setur fram spurningar eins og hlutlaus áhorfandi en smám saman sækir hann í sig veðrið og vill rannsaka, hann langar að vita hvað gerðist ...

Með Millard.

Hann hefur einnig mikinn áhuga á Donnu, verður nákvæmari, skarpari, og svo virðist sem hann verði öruggari og fagmannlegri ...

Hann verður skýrari. Já. Í upphafi spurði Donna hann hvort hann hefði gert eitthvað þessu líkt áður og hann neitar því. Þess vegna getum við skilið betur óryggi hans og einnig metnað hans sem hann temur sér þegar honum byrjar að ganga vel.

Í lok leikritsins er spurningunni ósvarað hvort Donna hafi í raun og veru drepið börnin sín. Hvað heldur þú?

Þegar afbrýðisemi sækir á félagamann og hann eða hún spyr hvort einhver annar eða önnur sé í spilunum er oft slegið föstu, fyrirfram, að hann eða hún samþykki aðeins já-svar. Svipað á við um Donnu. Hún segir sjálf að grunsemdir og efi sé alltaf til staðar þegar hún talar við aðra og þess vegna sé sannleikurinn henni svo mikilvægur. Ég held að það hafi með vinnuna við mál þessara kvenna að gera. Vitneskjan um að fjöldi fólks trúir þeim ekki og álitu að þær hafa myrt börnin sín. Í mínum huga er enginn vafi á að þær Sally Clark, Angela Cannings og Trupti Patel hafi ranglega verið hnepptar í fangelsi, ég held ekki að þær hafi drepið börnin sín, ég held að börnin hafi látist. Þær voru ákærðar fyrir morð á börnum sínum og voru dæmdar í fangelsi og að mínu áliti byggði dómurinn ekki á neinum sönnunum burtséð frá óháðri sönnunaraðferð Dr Meadows sem var fullkomlega skammarleg. Þegar ég hóf að skrifa leikritið frá ólíkum sjónarhornum fannst mér það of óskáldlegt og þurrt og þótti það ekki mjög áhugavert. En niðurstaðan var að láta svarið liggja í lausu lofti. Ef sagan hefði verið sögð frá sjónarhorni Donnu vildi ég að fólk tryði henni. Ef Martin segði sína sögu, ætti að trúna honum sem ætti ekki að leiða til þess við tryðum ekki sögu Donnu og þegar Lynn talar ætti maður einnig að trúna henni. Mér þótti það mjög mikilvægt að koma að þessari sögu úr ýmsum áttum.

Í hvert sinn sem þú skrifar nýtt leikrit þróarðu um leið þitt eigið nýja form. Er þetta vísvitandi?


Í mínum huga hefur sagan forgang á formið. Þegar ég byrjaði að skrifa reyndi ég að gera formtilraunir. Það virkaði ekki. Ekkert þessara leikrita minna sannfærðu mig. Þau voru of geld og ég uppgötvaði að formið yrði að þjóna persónunum. Persónurnar og sagan skipta mestu máli, þess vegna ætti formið að endurspegla kjarna sögunnar. Formið getur hjálpað til með það hvernig sögur persónanna þróast. Það er eftirsóknarverðara og meira spennandi en að þvinga persónurnar inn í form og þá missir sagan tilfinningalega orku. Tilfinningar eru mér mjög mikilvægar, einkum í þessu leikriti.

Og formið þróast þegar þú semur söguna og býrð til persónurnar?

Að sumu leyti og að sumu leyti ekki. Þegar ég skrifaði Elsku barn hugsaði ég fyrst um heimildaleikhúsið og síðan um persónurnar og ég uppgötvaði að ég varð að hugsa meira um persónurnar en formið. Hvort tveggja er þarna.

Í hvert sinn sem þú skrifar leikrit er það þá tilraun í þínum huga?

Þegar ég var að byrja að skrifa sagði einhver við mig að ég skyldi ekki reyna að búa til eftirmynd af sjálfum mér, að skrifa mig inn í eitthvert form og það var afskaplega gott ráð. Mörg leikskáld falla einmitt í þessa gryfju, þeir skrifa leikrit og svo koma mörg í kjölfarið sem öll líkjast fyrsta verkinu með örlitlum tilbrigðum. Þekkt leikskáld, Caryl Churchill, er einmitt ekki þannig. Það er eins og hún byrji alltaf á núllpunkti. Hún er stórkostleg. Mér er það mjög mikilvægt að kafa ofan í mál sem ég þekki ekki, annars leiðist mér og ég missi áhugann. Ég hef aldrei áður skrifað leikrit eins og Elsku barn og ég var ekki viss um að það gengi upp, að ég gæti það. Og ég mun ekki heldur vita það þegar ég hefst handa við næsta leikrit.





Staðreyndir og fyrirmyndir

Sally Clark (fædd Lockyer) fæddist árið 1964 í Devizes í Englandi. Faðir hennar var lögregluþjónn og móðir hennar hárgreiðslukona. Árið 1990 giftist hún lögfræðingnum Steve Clark og eignaðist með honum þrjú börn. Áður en hún var ranglega dæmd fyrir að drepa tvo syni sína hafði hún starfað sem lögfræðingur. Hún lést árið 2007 í Hatfield. Mál hennar er þekkt réttarfarsleg mistök í Englandi.

Elsti sonur Sally Clark, Christopher, lést skyndilega árið 1996 nokkrum vikum eftir að hann kom í heiminn. Eftir að annar sonur hennar, Harry, lést við svipaðar kringumstæður var hún handtekin árið 1998 vegna gruns um tvöfalt barnamorð. Vegna líkindareiknings sem barnalæknirinn Sir Roy Meadow lagði fram voru réttarhöldin umdeild. Hann staðfesti að líkur á skyndilegum barnadauða innan vel stæðrar fjölskyldu sem ekki reykti væru einn á móti 73 milljónum sem hann byggði á að líkur á barnadauða væri einn á móti 8.543 og þess vegna væri líkur á að tvö börn létust einn á móti 8.543 í öðru veldi (þeas 73 milljónir).

Sally Clark var dæmd sek í nóvember 1999 og dæmd í lífstíðarfangelsi. Málinu var áfrýjað í október 2000 og aftur í janúar árið 2003. Eiginmaður hennar hætti störfum á lögfræðistofunni til að geta starfað sem réttargæslumaður í nágrenni fangelsisins og seldi hús þeirra til að geta greitt dóms – og lögfræðikostnað. Í ljós kom að réttarlæknir sem vann við krufningu barnanna hafði látið liggja á milli hluta að birta örverufræðilega skýrslu þar sem fram kom að annar sonur hennar dó eðlilegum dauðdaga. Sally Clark var gefið frelsi eftir þriggja ára fangavist. Hún varð skotspónn annarra fanga sem barnamorðingi, dóttir lögreglumanns og lögfræðingur. Örverufræðiskýrslan var eingöngu gerð opinber fyrir tilstilli lögfræðimenntaðrar konu sem skoðaði mál Sally Clark vegna þess að hana grunaði að það væri eitthvað við þetta mál sem ekki stemmdi.

Dómsmálaráðherra fyrirskipaði upptöku nokkur hundruð sakamála og tvær konur til viðbótar – Angela Cannings og Trupti Patel – voru leystar úr haldi. Hin konunglega breska hagstofa gaf síðan út yfirlýsingu vegna villandi notkunar á tölfræði fyrir rétti og lýsti því yfir að engin tölfræði styddi staðhæfingar Dr Meadows. Sally Clark lést í mars árið 2007 á heimili sínu vegna áfengiseitrunar. Krufning leiddi í ljós að Sally hafði ekki vísitandi ætlað sér að svipta sig lífi.

Prófessor Sir Roy Meadow fæddist í Wigam árið 1933, barnalæknir að mennt. Fyrsta afrek hans í faginu var akademísk rannsókn hans á mjög svo umdeildu Münchhausen syndrómi í staðgengli. Hann varð vinsæll í baráttu sinni gegn foreldrum sem vísitandi meiddu eða deydu börn sín. Fyrir þetta framtak sitt var hann sleginn til riddara. Í bók sinni “Stafróf barnamisnotkunar” útskýrði hann að „dauði ungabarns væri harmleikur, tvö af hverjum þremur vektu grunsemdir og eitt væri morð ef annað væri ekki sannað“. Þessi regla var síðan kölluð Meadows lögmálið og fjöldi lækna og félagsfræðinga tóku það upp á sína arma.

Hann var kallaður til vitnis sem sérfræðingur í fjölda sakamála og í það minnsta í einu máli leiddi vitnisburður hans til rangrar dómsniðurstöðu um morð. Landlæknisembætti Bretlands svipti hann lækningaleyfi eftir að ljóst var að hann hefði gefið villandi vitnisburð í máli Sally Clark. Hann áfrýjaði brottvikningunni og í febrúar árið 2000 dæmdi Hæstiréttur honum í hag.

Fólk með Münchhausen syndrómið hjá staðgenglum – nafnið kemur frá Dr Meadow sjálfum – falsa viðkomandi veikindi hjá persónum sem þau annast, oft er um eigin börn að ræða. Kenning þessi styðst við hegðun tveggja mæðra: Önnur hafði gefið ungabarni sínu ofgnótt salts og eitrað þannig fyrir því. Hin hafði blandað eigin blóði saman við þvagprufur barnsins síns sem leiddi til þess ungabarnið var trekk í trekk lagt inn á sjúkrahús og var í stöðugum rannsóknum. Þótt Münchhausen syndróminu hjá staðgenglum væri tekið fremur varlega og með vantrú af fagfólki, voru margir, bæði læknar og félagsfræðingar, sem trúðu á það.

Meadow varð þekktur árið 1993 þegar hann gaf vitnisburð í máli barnahjúkrunarkonunnar Beverly Allitt sem ákærð var fyrir að drepa nokkra sjúklinga sína. Allitt var fundin sek og dæmt í ævilangt fangelsi. Í augum margra var þetta mál til að sanna kenningu Meadows.



Unnur Ösp Stefánsdóttir

útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands 2002 og hefur síðan starfað við leikhús og kvikmyndir, bæði sem leikari og leikstjóri. Hún leikstýrði Fólkinu í blokkinni í Borgarleikhúsinu árið 2008, framleiddi og leikstýrði kvikmyndinni Reykjavík Guesthouse-rent a bike og leikstýrði söngleiknum Footloose. Hún var einn stofnenda leikhópna götuleikhús Zirkus Ziemsen, Kvenfélagið Garpur og Menningarfélag alþýðunnar sem setti upp söngleikinn Hárið árið 2004. Unnur Ösp er nú fastráðin leikkona við Borgarleikhúsið en hefur leikið ýmis hlutverk í atvinnuleikhúsum landsins. Þar má nefna Krissu í Grease, Dionne í Hárinu, Klaufar og kóngsdætur, Edith Piaf, Halldór í Hollywood og Eldhús eftir máli. Hjá Borgarleikhúsinu hefur hún leikið í Milljarðamærin snýr aftur, Fló á skinni, Fjölskyldunni og Faust. Unnur lék einnig í sjónvarpsþáttunum Réttur og kvikmyndinni Dís. Hún var tilnefnd sem besta leikkona ársins í aðalhlutverki sem Dottie í Killer Joe, lék Söru í Herra Kolbert hjá Leikfélagi Akureyrar og Gretu í Hamskiptunum hjá Vesturporti í Lyric Hammersmith leikhúsinu í London.

Sýningar Unnar Aspar á leikárinu: Fjölskyldan, Faust og Elsku barn

Halldóra Geirharðsdóttir

lauk prófi frá Leiklistarskóla Íslands árið 1995, réð sig til Borgarleikhússins ári síðar og hefur verið fastráðin við húsið allar götur síðan. Meðal eftirminnilegra hlutverka Halldóru hjá Borgarleikhúsinu eru Fflíð í Lé konungi, Hermíone drottning í Vetrarævintýri Shakespeares og Sigurlína í Sölkun Völkun. Einnig lék hún í Jesú litla, Góðum Íslendingum og Dúfunum en fyrir það síðastnefnda hlaut hún tilnefningu til Grímunnar auk þess sem hún hlaut Grímuverðlaun ásamt meðhöfundum sínum fyrir Jesú litla sem leikrit ársins. Halldóra hefur auk þess leikstýrt einu verki í Borgarleikhúsinu, sýningunni Jóni og Hólmfríði árið 2002. Halldóra hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, m.a. Dollý í Djöflaeyjunni og Dagnýju í Englum alheimsins. Halldóra hefur líka komið fram sem trúðurinn Barbara og trúbadorinn Smári í félagi við vin sinn Hannes sem leikinn er af Ólafíu Hrönn Jónsdóttur. Halldóra hlaut styrk úr Minningarsjóði Frú Stefaníu Guðmundsdóttur árið 1997 og hlaut Menningarverðlaun DV árið 2010 fyrir sýninguna Jesús Litli.

Sýningar Halldóru á leikárinu: Enron, Jesús litli, Elsku barn og Strýhærði Pétur



Benedikt Erlingsson

útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1994 og lék Galdra-Loft í Óskinni eftir Jóhann Sigurjónsson haustið eftir. Hann setti upp leikritið Ormstungu, ásamt leikkonunni Halldóru Geirharðsdóttur og sænska leikstjóranum Peter Engkvist. Benedikt leikstýrði Skáldanótt eftir Hallgrím Helgason á Stóra sviði Borgarleikhússins haustið 2000 og haustið eftir lék hann Vladimir í Beðið eftir Godot. Benedikt leikstýrði á Nýja sviðinu verkunum Fyrst er að fæðast eftir Line Knutson, And Björk of course... eftir Þorvald Þorsteinsson og Sumarævintýri - byggt á Vetrarævintýri Shakespeares. Benedikt var búsettur í Kaupmannahöfn um tveggja ára skeið og starfaði þar og víðar á Norðurlöndum. Hann leikstýrði Draumleik eftir August Strindberg hjá Borgarleikhúsinu vorið 2005 og fékk Grímuverðlaunin fyrir bestu leikstjórnina það árið. Sýning Benedikts, Mr. Skallagrímsson, sem hann samdi, lék og setti upp í Landnámssetrinu í Borgarnesi var geysivinsæl og hlaut hann Grímuverðlaunin sem leikskáld og leikari ársins 2007 sem og fyrir leikstjórn sína í Ófögru veröld sem sýnd var á Stóra sviði Borgarleikhússins. Benedikt hefur einnig leikið í ófáum kvikmyndum og í sjónvarpi, þar má nefna mynd leikstjórans Lars von Trier, Direktoren for de hele, kvikmyndirnar Mávahlátur og Tár úr steini og sjónvarpættina Fóstbræður.

Sýningar Benedikts á leikárinu: Jesús litli og Elsku barn

Hallgrímur Ólafsson

útskrifaðist úr Leiklistardeild Listaháskóla Íslands vorið 2007 og var fastráðinn leikari hjá LA strax við útskrift en vorið 2008 gerðist hann fastráðinn leikari hjá Borgarleikhúsinu. Hjá Leikfélagi Akureyrar lék Hallgrímur í Óvitum og fór með ýmis hlutverk í Ökutímum ásamt því að leika í Fló á skinni. Hjá Borgarleikhúsinu hefur Hallgrímur m.a. leikið í Fólkinu í blokkinni, Fló á skinni og Milljarðamærin snýr aftur, Fjölskyldunni og Gaurangangi. Á undanförunum árum hefur hann talsett fjölda teiknimynda, bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndahús. Þá lék hann einnig í sjónvarpsseríunni Fangavaktinni. Hallgrímur hefur einnig starfað sem tónlistarmaður frá unga aldri.

Sýningar Hallgríms á leikárinu: Fjölskyldan, Gaurangangur, Fólkið í kjallaranum, Elsku barn, Strjúhærði Pétur



Nína Dögg Filippusdóttir

útskrifaðist úr Leiklistardeild Listaháskóla Íslands árið 2001. Síðan hefur hún starfað við leikhús og kvikmyndir hérlendis sem og erlendis. Hún er einn af stofnendum leikhússins Vesturports. Þar hefur hún m.a. leikið í Rómeó og Júlíu, Brimi, Woyzek, Hamskiptunum, Kommúninni og Faust. Meðal annarra hlutverka Nínu eru Karen í Englabörnum í Hafnafjarðaleikhúsinu, Stjarna í Rambó 7 og Katrín í Átta konum í Þjóðleikhúsinu. Nína er fastráðin við Borgarleikhúsið og meðal hlutverka þar eru Tita í Kryddlegnum hjörtum, Eva í Púntilla og Matta, Karen í Fjölskyldunni og Imke í Dúfunum. Nína lék einnig Önnu í Don Jon í uppsetningu breska leikhópsins Kneehigh og ferðaðist með þá sýningu um Bretland. Nína hefur leikið í kvikmyndunum Villiljós, Hafið, Börn og Foreldrar, Sveitabrúðkaup og Kóngavegur og sjónvarpsþáttunum Stelpurnar. Nína Dögg var valin Shooting Star 2003, hún hefur verið tilnefnd til Grímuverðlaunanna sem og Edduverðlaunanna og hlaut styrk úr Minningasjóði Frú Stefaníu Guðmundsdóttur árið 2005.

Sýningar Nínu Daggar á leikárinu: Faust, Elsku barn, Fjölskyldan og Húsmóðirin



Valur Freyr Einarsson

nam leiklist við Manchester Metropolitan School of Theatre og lauk námi 1995. Frá útskrift hefur hann einkum starfað í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu en einnig með nokkrum leikhópum í Reykjavík. Valur er annar stofnenda CommonNonsense sem stóð fyrir samnefndri sýningu og sýningunni Forðist okkur. Meðal verkefna Vals í Borgarleikhúsinu má nefna Litlu hryllingsbúðina, Lé konung, Ronju ræningjadóttur, Djöflana, Lífsins tré og Enron. Valur samdi sjálfur og lék einleikinn Heilt ár og þrjár dagar í Kaffileikhúsinu og hefur leikstýrt Herranótt og fleiri leikhópum í framhaldsskólum landsins. Einnig leikstýrði Valur sýningunni Af ástum manns og hrærivéla hjá Þjóðleikhúsinu. Meðal sýninga sem Valur hefur leikið í hjá Þjóðleikhúsinu má nefna Villiöndina, Litla-Kláus og Stóra-Kláus, Fiðlarann á þakinu, Kaffi, Bláa hnöttinn, Cyrano, Syngjandi í ríngingunni, Strompleik, Sædýrasafnið, Brennurvargana, Macbeth og Oliver.

Sýningar Vals Freys á árinu: Enron og Elsku barn

fjölskylda mín höf

um að fá að vera

get einungis vona

edings

ogei einum
edings.









Jón Páll Eyjólfsson

Leikstjóri

útskrifaðist árið 2000 frá East 15 Acting School í London og lék í uppfærslu Young Vic Theatre Company á The Three Musketeers sama ár. Hann hefur leikið í flestum leikhúsa landsins auk þess að vinna með sjálfstæðum leikhópum. Þar má nefna Syngjandi í Rigningunni, Cyrano, Grettisögu, Gaggalagú, Grís, Meistararann og Margarítu, Rauðu Skóna, Úlfhamsögu og Íslandsklukkuna. Jón Páll fékk tilnefningu til Grímuverðlauna fyrir síðastnefnda hlutverkið. Á síðari árum hefur Jón Páll snúið sér æ meira að leikstjórn. Hann leikstýrði Herra Kolbert og Mariúbjöllunni hjá LA og Hér og nú í Borgarleikhúsinu. Jón Páll var fastráðinn leikstjóri við Borgarleikhúsið leikárið 2008 til 2009 og leikstýrði þar sýningunum Vestrið eina, Óskar og bleikklædda konan og Heima er best. Hann gerði einnig sýningarnar Þú ert hér árið og Góða Íslendinga á árunum 2009-2010 í Borgarleikhúsinu ásamt þeim Jóni Atla Jónassyni og Halli Ingólfssyni en þeir félagar deildu með sér leik, leikstjórn og handritsgerð. Þú ert hér var tilnefnd til fimm Grímuverðlauna, m.a. sem sýning ársins.



Ilmur Stefánsdóttir

Leikmynd og búningar

lauk námi frá textildeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1995 og lauk MA-prófi í myndlist frá Goldsmiths College í London árið 2000. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga, tekið þátt í mörgum samsýningum og framið ýmsa gjörninga, innan lands sem utan. Hún hefur gert leikmynd, leikmuni og/eða búninga fyrir fjölmargar leiksýningar, m.a. Forðist okkur hjá Nemendaleikhúsi LHÍ og CommonNonsense, Hvíta kanínu hjá Nemendaleikhúsi LHÍ, Hinn útvalda í Loftkastalanum og CommonNonsense, Common Couple í Borgarleikhúsinu, Baðstofuna og Brennuvargana í Þjóðleikhúsinu, Vestrið eina, Heima er best og Dúfurnar í Borgarleikhúsinu. Ilmur hefur verið tilnefnd til Menningarverðlauna DV og tvisvar unnið fyrstu verðlaun um sköpun á útilistaverki fyrir Ljósahátíð í Reykjavík. Hún var tilnefnd til Grímuverðlauna fyrir leikmynd í Forðist okkur.



Þórður Ormi Pétursson

Ljóahönnun

er forstöðumaður ljósadeildar Borgarleikhússins. Hann lærði leikhúslýsingu við Central School of Speech and Drama og síðar meistaránám í byggingalýsingu við Bartlett School of Architecture. Hann starfaði í fimm ár hjá virtum arkitekta- og lýsingafyrirtækjum í London og vann að byggingalýsingum víða um heim. Meðal leiksýninga sem Þórður hefur unnið við í Borgarleikhúsinu eru Rústað, Söngvaseiður, Faust og Dúfurnar og fékk Þórður tilnefningar til Grímunnar fyrir Rústað og Faust.



Hallur Ingólfsson

Tónlist

hefur samið tónlist fyrir fjölda dansverka, leiksýninga, útvarpsleikrita og kvikmynda. Hann var tilnefndur til Grímunnar fyrir tónlistina í leiksýningunni Glæpur gegn Diskóinu sem sýnd var í Borgarleikhúsinu. Hann hefur einnig hlotið Eddu tilnefningu fyrir tónlist sína í stuttmyndinni Töframaðurinn. Meðal nýlegra verka Halls í leikhúsinu má nefna Mariubjallan og Herra Kolbert fyrir Leikfélag Akureyrar, Mind Camp sem sýnt var í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Ritskoðarinn sem sýndur var í Sjóminjasafninu, Vestrið eina, Óskar og bleikklædda konan og Heima er best í Borgarleikhúsinu. Hallur gerði einnig sýningarnar Þú ert hér og Góða Íslendinga ásamt þeim Jóni Atla Jónassyni og Jóni Páli Eyjólfssyni, þar deildu þeir með sér leik, leikstjórn og handritsgerð, en sú fyrrnefnda var tilnefnd til fimm Grímuverðlauna.



Borgarleikhúsið

og Leikfélag Reykjavíkur

Leikfélag Reykjavíkur er eitt elsta starfandi menningarfélag á Íslandi, stofnað 11. janúar 1897 er tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðust í eitt félag. Helsti hvatinn að stofnun félagsins var bygging lðnaðarmannahússins við Tjörnina. Félaginu var falin varðveisla eigna Kúlissusjódísins svonefnda, sem var myndaður af aðgangseyri hinna fyrstu opinveru leiksýninga í Reykjavík 1854. Leikfélag Reykjavíkur starfaði óslitið í lðnó þar til árið 1989 er öll starfsemi félagsins fluttist í nýtt leikhús, Borgarleikhúsið, sem Reykjavíkurborg byggði í samvinnu og samráði við Leikfélag Reykjavíkur.

Stjórn Borgarleikhússins

Nýr samningur Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar gekk í gildi 11. janúar árið 2001. Þá leysti stjórn Leikfélags Reykjavíkur leikhúsráð af hólmi og tók ábyrgð á rekstri leikhússins. Síðar voru gerðar breytingar á samþykktum félagsins og það opnað öllu áhugafólki um leiklistarstarfsemi LR, en frá stofnun þess voru það eingöngu starfsfólk Leikfélagsins sem áttu aðild að félaginu. Stjórn er kosin á aðalfundi og er í dag skipuð áhugafólki um rekstur Borgarleikhúss. Ræður hún til sín leikhússtjóra og framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur leikhússins.

Í dag sitja stjórn þau Inga Jóna Þórðardóttir, formaður. Marta Nordal, ritari, Þórólfur Árnason, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Theódór Júlíusson. Varamenn eru þær Edda Þórarinsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Finnur Oddsson.

Leikhússtjórar Leikfélags Reykjavíkur

- Sveinn Einarsson 1963 - 1972
- Vigdís Finnbogadóttir 1972 - 1980
- Stefán Baldursson og Þorsteinn Gunnarsson 1980 - 1983
- Stefán Baldursson 1983 - 1987
- Hallmar Sigurðsson 1987 - 1991
- Sigurður Hróarsson 1991 - 1996
- Viðar Eggertsson 1996
- Þórhildur Þorleifsdóttir 1996 - 2000
- Guðjón Pedersen frá ágúst 2000 - 2008
- Magnús Geir Þórðarson 2008 -

Heiðursfélagar Leikfélags Reykjavíkur

- Baldvin Tryggvason
- Jón Sigurbjörnsson
- Steindór Hjörleifsson
- Steinþór Sigurðsson
- Sveinn Einarsson
- Guðrún Ásmundsdóttir
- Vigdís Finnbogadóttir

Fastráðnir starfsmenn:

Yfirstjórn og skrifstofa

Magnús Geir Þórðarson, Leikhússtjóri
Þorsteinn S. Ásmundsson, Framkvæmdastjóri
Hafliði Arngrímsson, Leiklistarráðunautur
Frank Hall, Listrænn ráðunautur
Hildur Harðarsóttir, markaðsstjóri
Jón Þorgeir Kristjánsson, markaðsfulltrúi
Helga Pálmadóttir, gjaldkeri
Kári Gíslason, skipulagsstjóri

Leikarar á föstum samningi

Bergur Þór Ingólfsson
Dóra Jóhannsdóttir
Elma Lís Gunnarsdóttir
Guðjón Davíð Karlsson
Halldór Gylfason
Halldóra Geirharðsdóttir
Hallgrímur Ólafsson
Hanna María Karlsdóttir
Hilmar Guðjónsson
Hilmir Snær Guðnason
Ilmur Kristjánsdóttir
Jóhann Sigurðarson
Jóhanna Vígdís Arnardóttir
Jörundur Ragnarsson
Kristín Þóra Haraldsdóttir
Lára Jóhanna Jónsdóttir
Margrét Helga Jóhannsdóttir
Nína Dögg Filippusdóttir
Pétur Einarsson
Rúnar Freyr Gíslason
Sigrún Edda Björnsdóttir
Theódór Júlíusson
Unnur Ösp Stefánsdóttir
Þröstur Leó Gunnarsson

Listrænir stjórnendur

Kristín Eysteinsdóttir, leikstjóri
Snorri Freyr Hilmarsson, leikmyndahönnuður

Sýningarstjórnadeild

Anna Pála Kristjánsdóttir, sýningarstjóri, Stóra svið
Halldóra Magnúsdóttir, sýningastjóri, Stóra svið
Ingibjörg Bjarnadóttir, sýningarstjóri, Stóra svið
Chris Astridge, sýningarstjóri, Nýja svið
Hlynur Páll Pálsson, sýningarstjóri, Litla svið

Leiksvið

Kristinn Karlsson, forstöðumaður
Friðþjófur Sigurðsson, aðstoðarsviðsstjóri
Einar Rúnarsson, tæknisviðsstjóri
Richard H. Sævarsson, sviðsmaður
Steingrímur Guðjónsson, sviðsmaður

Leikgervadeild

Sigríður Rósa Bjarnadóttir, forstöðumaður
Elín Sigríður Gísladóttir

Ljósadeild

Þórður Orri Pétursson, forstöðumaður
Björn Bergsteinn Guðmundsson, yfirljósahönnuður
Magnús Helgi Kristjánsson, ljósamaður
Kjartan Þórisson, ljósamaður

Hljóð- og tölvudeild

Jakob Tryggvason, forstöðumaður
Ólafur Örn Thoroddsen, hljóðmaður, verkefnastjóri
Thorbjörn Knudsen, hljóðmaður
Stefán Þórarinsson, tölvuumsjón

Búningadeild

Stefanía Adolfsdóttir, forstöðumaður
Maggý Dögg Emilsdóttir, búningagerð
Elma Þjarney Guðmundsdóttir, búningagerð

Leikmunadeild

Kristján Björn Þórðarson, forstöðumaður
Aðalheiður Jóhannsdóttir, yfirleikmunavörður
Þorleikur Karlsson, starfsmaður
Sara Torcato, starfsmaður

Smiðaverkstæði

Gunnlaugur Einarsson, forstöðumaður
Egill Örn Hjaltalín, smiður
Haraldur Björn Halldórsson, smiður

Miðasala og framhús

Guðrún Stefánsdóttir, miðasölu- og framhússtjóri
Vigdís Theodórsdóttir, vaktstjóri
Ása Guðrún Sverrisdóttir
Guðrún Sölvadóttir
Ingibjörg Magnúsdóttir, ræstitækni

Eldhús

Sigurveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður
Bryndís Hilmarisdóttir
Áslaug Sunna Óskarsdóttir
Halldór Steinn Halldórsson
Stefanía Þórarinsdóttir

Ræsting

Elín Anna Sigurjónsdóttir, ræstitækni
Signý Amelía Hackart, ræstitækni

Umsjón húss:

Ögmundur Þór Jóhannesson

Móttaka

Agnes Lily Guðbergsdóttir, móttökuritari
Ágústa Særún Magnúsdóttir, móttökuritari

Borgarleikhúsið

Listabraut 3, 107 Reykjavík
Miðasala: 568-8000, skrifstofa: 568-5500
Netfang: borgarleikhus@borgarleikhus.is
www.borgarleikhus.is

Nei ráðherra!

Tveggja tíma hláturskast...
með hléi

Ýmsum óþrifnaði hefur ráðherrann ungi sópað undir teppi, atvinnulygarinn sjálfur, en þó aldrei dauðum manni – og það á hótélherbergi – með viðhaldinu – sem er innsti koppur í búri stjórnanarstöðunnar. Það stóð ýmislegt til í þessu hótélherbergi en ekki þetta!

Hvað gera ráðherrar nú? Þeir hringja auðvitað í strangheiðarlegan og vammausan aðstoðarmann sinn sem lendir í skítverkunum eins og venjulega. Það þarf að sjá um viðhaldið, fela verksummerki, losna við líkið, bera fé í útsmoginn þjón og síðast en ekki síst að halda öllu leyndu fyrir afbrýðisömum eiginmönnum og -konum.

Þessi drepfyndni gamanleikur kemur úr smiðju Ray Cooney konungs gamanleikjanna. Hann er Íslendingum að góðu kunnur en gamanleikirnir Með vífið í lúkunum, Tveir tvöfaldir og Viltu finna milljón? hafa allir notið vinsælda hér á landi.

Nei, ráðherra (Out of Order) hlaut hin eftirsóttu Olivier-verðlaun sem besti gamanleikurinn í Bretlandi þegar verkið var frumsýnt. Verkið hefur slegið í gegn víða um heim en fer nú í fyrsta skipti á íslenskar leik- húsfjalir og verður flutt í íslenskri heimfærslu Gísla Rúnars Jónssonaren hann hefur matreitt og kryddað marga af bestu gamanleikjum seinni ára hérlendis, m.a. Fló á skinni og Sex í sveit.

Frumstýnt 25. febrúar 2011 á Stóra sviðinu



Höfundur Ray Cooney

Þýðing og heimfærsla Gísli Rúnar Jónsson

Leikstjórn Magnús Geir Þórðarson

Leikmynd Snorri Freyr Hilmarsson

Lýsing Björn Bergsteinn Guðmundsson

Tónlist Baggalútur

Leikarar

Guðjón Davíð Karlsson

Lára Jóhanna Jónsdóttir

Sigurður Sigurjónsson

Hilmar Guðjónsson

Jóhanna Vigdís Arnardóttir


Bergur Þór Ingólfsson

Unnur Ösp Stefánsdóttir

Rúnar Freyr Gíslason

Þröstur Leó Gunnarsson

Elma Lía Gunnarsdóttir



Höfundur William Shakespeare

Þýðing Sölvi Björn Sigurðsson

Leikstjórn Oskaras Korsunovas

Aðstoðarleikstjórn Ásdís Þórhallsdóttir

Leikmynd Vytautas Narbutas

Búningar Filipía Elísdóttir

Lýsing Björn Bergsteinn Guðmundsson

Tónlist Högni Egilsson

Danshöfundur Katrín Hall

Hljóð Jakob Tryggvason

Leikarar

Ingvar E. Sigurðsson

Hilmir Snær Guðnason

Kristín Þóra Haraldsdóttir

Lára Jóhanna Jónsdóttir

Jörundur Ragnarsson

Jóhann Sigurðarson

Sigrún Edda Björnsdóttir

Guðjón Davíð Karlsson

Hilmar Guðjónsson

Hanna María Karlsdóttir

Jóhanna Vígdís Arnardóttir

Halldór Gylfason

Dansarar

Katrín Ingvadóttir

Aðalheiður Halldórsdóttir

Hjördís Lilja Örnólfsdóttir

Guðmundur Elías Knudsen

Steve Lorenz, Cameron Corbett

Katrín Johnson

Hannes Egilsson

Ofviðrið

Stórbrotin leikhúsveisla með mögnuðum listamönnum

Ofviðrið gerist á eyju, einhvers staðar og hvergi – í ríki hugarflugsins. Þar ræður ríkjum Prospero sem búið hefur í útlegð árum saman ásamt ungri dóttur sinni, skrímslinu Kaliban og Ariel þjóni sínum. Nú loks gefst tækifæri til að gera upp mál in þegar ofsaveður skolar skipi þeirra sem sviku Prospero á land eyjunnar. Atburða rásin sem tekur við er fjórleg enda er upp gjör framundan, ástin kraumar og hinar líkamlegu hvatir eru sterkir drifkraftar. Ofviðrið hverfist um heiftarleg átök hinna æðri og lægri hvata. Leikrit sem fjallar um fegurðina í dyggðinni og hina nauðsynlegu fyrirgefningu eftir áföll. Of viðrið er dásamlegur gleðileikur uppfullur af húmor, ást og krafti. Hér er öllu tjaldað til, ástsælustu leikarar þjóðarinnar, Íslenski dansflokkurinn og einn fremsti leikstjóri heims. Einstök leikhúsveisla sem rambar á mörkum draums og veruleika.

Oskaras Koršunovas hefur verið í hópi fremstu leikstjóra Evrópu síðustu ár og er auk þess leikhússtjóri Borgarleikhússins í Vilnius. Hann hefur sett upp kraftmiklar sýningar klassískra verka og eftirtekt arverðar uppsetningar á nútímaverkum. Koršunovas hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, meðal annars Evrópsku leiklistarverðlaunin. Margverðlaunuð upp færsla Koršunovas á Rómeó og Júlíu var á dagskrá Listahátíðar í vor þar sem hún vakti mikla hrifningu.

Sannkallaður hvalreki á fjörur íslenskra leikhúsunnenda.

Frumskýnt 29. desember á Stóra sviðinu



Borgarleikhúsið er rekið með
sérstökum rekstrarsamningi við Reykjavíkurborg
Jafnframt er **ómetanlegur stuðningur** nokkurra
öflugustu fyrirtækja landsins sem gerir okkur kleift að
halda áfram að bjóða landsmönnum upp á kraftmikið og
skapandi leikhús. **Fyrir það erum við afar þakklát.**





Sönn saga

1 meðill

2 bölm

2 dauðsföll

Maró alla stýs eftir smæld

Hitað að silnaulakamörkum og borði fram með góðum slatta af pólitík
og óvæntum vinklum frá framúrskarandi leikhópi



Fullkomin leikhösvæsla

VÍS er stoltur máttarstólpi Borgarleikhússins





BOSS
HUGO BOSS

HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410



 **BOSS ORANGE**

B & S
KONUM

B&S | Kringlunni 553 4141

VERÐ LAUN AÐU PIG!

Egils Gull er stolt Ölgerðarinnar og hefur verið eftirlæti Íslendinga allt frá því hann kom á markað 1. mars árið 1989. Þessi einstaklega bragðgóði og ferski bjór er þýskættaður (Münchener Helles) og er bruggaður við kjöraðstæður af margverðlaunuðum bruggmeisturum okkar. Til að gefa honum sinn einstæða keim er hann bruggaður með ekta íslensku bygg.

Egils Gull – fersk upplifun



Góða skemmtun

VISA léttir þér lífið







Borgarleikhúsið